

kvað upp þenna dóm, en settur bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, Freymóður Þorsteinsson, vék sæti í málinu með úrskurði, uppkveðnum 19. apríl s.l., er gagnasöfnun í því var lokið.

Dómsorð:

Framangreint lögbann er staðfest.

Framangreindu afsali til stefnda Helga Benediktssonar, útgefnu 27. maí 1959 af Olíuverzlun Íslands h/f og staðfestu 25. júní 1959 af B.P. á Íslandi h/f, er riftað, svo og framangreindri veðsetningu samkvæmt tryggingarbréfi, út gefnu 20. júlí 1959 af Helga Benediktssyni. Afsalið og tryggingarbréfið skal afmá úr afsals- og veðmálabókum Vestmannaeyja.

Framangreindur leigumáli telst hafa fallið úr gildi 6. nóvember 1959. Bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum hafa óskert umráð lóðar þeirrar, sem málið fjallar um, og eru eigandi að uppfyllingu þeirri með varnarvegg, sem á lóðinni er.

Stefndu í frumsök, Hreinn Pálsson vegna Olíuverzlunar Íslands h/f og B.P. á Íslandi h/f og Helgi Benediktsson, greiði in solidum stefnanda, bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum vegna Vestmannaeyjakaupstaðar, kr. 12.000.00 upp í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. marz 1961.

Nr. 60/1960. **Almennar tryggingar h/f**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn

Bilamiðstöðinni s/f (Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vátrygging. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. marz 1960, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag.

Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í aðalsök í héraði, en að staðfest verði sú niðurstaða héraðsdóms í gagnsök í héraði, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 3454.70 með 6% ársvöxtum frá 5. apríl 1957 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Stefndi, Bilamiðstöðin s/f, rak þá atvinnu að leigja út bifreiðar án ökumanns, þar á meðal bifreiðina R 6601. Áfrýjandi, Almennar Tryggingar h/f, tókst á hendur váttryggingu bifreiðarinnar til slíkra nota með váttryggingarskirteini, dags. 16. marz 1955, og var iðgjald miðað við notkun bifreiðarinnar með þessum hætti. Telja verður, eins og segir í héraðsdómi, að í skiptum aðilja hafi átt að gilda það ákvæði í c-lið 10. gr. hinna prentuðu váttryggingarskilmála, að bifreiðin sé undanþegin ábyrgð áfrýjanda, þegar henni er „stýrt af einhverjum þeim, sem ekki hefur löglegt ökuskirteini“. Þetta ákvæði takmarkast hins vegar af því ákvæði 6. gr. váttryggingarskilmálanna, að váttryggingin taki til skemmda á bifreiðinni, sé henni „stolið eða rænt“.

Leigutaki bifreiðarinnar, Lárus Ágústsson, gekkst undir þá skuldbindingu gagnvart stefnda að lána ekki öðrum bifreiðina. Þetta samningsákvæði rauf hann, er hann fékk Arnkeli Guðmundssyni stjórn bifreiðarinnar. Þar sem Arnkell hafði ekki ökuréttindi, var hér einnig um verknað að ræða af hálfu Lárusar, sem refsing er lögð við samkvæmt 1. málsgr. 35. gr. sbr. 1. málsgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Sá verknaður Arnkels að taka réttindalaus við stjórn bifreiðarinnar, er einnig refsiverður eftir 1. málsgr. 27. gr., sbr. 1. málsgr. 80. gr. sömu laga. Arnkeli var því með öllu óheimilt að fara með stjórn bifreiðarinnar, er slysið varð, enda verður handhöfn hans á bifreiðinni hvorki beint né óbeint rakin til neinnar réttarlegrar heimildar frá stefnda.

Auðsætt er, að sögnin að stela er í váttryggingarskirteini notuð í viðtækari merkingu en svo, að átt sé eingöngu við

beinan þjófnað samkvæmt 244. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940. Er eðlilegast að skýra ákvæðið þannig, að átt sé einnig við svonefndan nytjastuld samkvæmt 259. gr. hegningarlaganna, sbr. lög nr. 20/1956, en þar ræðir meðal annars um heimildarlausu notkun manna á bifreiðum. Samkvæmt því, er að framan var rakið, var handhöfn Arnkels á bifreiðinni heimildarlaus, og skiptir ekki máli um vátrygginguna, hverja skoðun Arnkell kann að hafa gert sér sjálfur um heimild sína. Er því rétt sú niðurstaða héraðsdóms, að vátryggingin hafi tekið til ökuslyss þess, sem um er fjallað í málinu.

Fyrir Hæstarétti hefur því verið lýst af hálfu áfrýjanda, að hann mótmæli ekki sérstaklega fjárhæð bóta þeirra, sem honum var gert að greiða stefnda með héraðsdómi.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Almennar Tryggingar h/f, greiði stefnda, Bilamiðstöðinni s/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Með skriflegum samningi 11. júní 1955 seldi stefndi Lárusi Ágústssyni, Mávahlíð 37, Reykjavík, á leigu jeppabifreiðina R 6601 án bifreiðarstjóra. Í samningnum segir:

„Leigutaki tekur á leigu fyrrnefnda bifreið eigandans kl. 2.40 hinn 11. júní 1955 til kl. 8 hinn 12. júní 1955 og miðað við það, að ekki sé ekið yfir 280 km á þessu tímabili. Er leigugjaldið ákveðið kr. 540.00, er greiðist við undir-

ritun sannings þessa. Fyrir hvern ekinn km umfram það, sem tiltekið er í samningnum, greiðist kr. 1.50.

Bifreiðin er leigð í því ástandi, sem hún er nú í og leigutaki hefur tekið gilt, og skal honum skylt að afhenda hana að öllu leyti í sama ástandi og á sama stað, áður en leigutíminn er útrunninn.

Leigutaki skuldbindur sig til að aka bifreiðinni á allan hátt varlega, ekki að nota hana til kennsluaksturs né til farþegaaksturs fyrir þóknun, ekki að lána hana öðrum og ekki nota hana á nokkurn ólöglegan hátt. Í bifreiðinni má ekki flytja fleiri farþega en 3 auk ökumanns. Leigutaki er skyldur að hugsa vel um bifreiðina að öllu leyti og ekki skilja við hana ólæsta á almannafæri, sömuleiðis að sjá um, að hún sé vel hirt og í ökufæru standi við akstur.

Viðgerðir, sem orsakast af eðlilegu sliti, greiðir eigandi, en nemi áætlaður viðgerðarkostnaður kr. 500.00 eða meiru, ber leigutaka að fara eftir tilvísun eiganda um viðgerð og viðgerðarkostnað.

Eigandi annast allar venjulegar váttryggingar á bifreiðinni, en allt það tjón, sem bifreiðin verður fyrir, meðan á leigutíma stendur, ber leigutaka að greiða eiganda, að frádreginni þeirri upphæð, sem viðkomandi kaskotrygging kann að greiða.

Það tjón, sem bifreiðin kann að valda þriðja aðilja, meðan á leigutíma stendur, svo og allar þær kröfur, sem fram kunna að koma á hendur eiganda samkvæmt bifreiðalögum eða öðrum landslögum, skuldbindur leigutaki sig til að greiða fram yfir það, sem viðkomandi váttrygging samþykkir greiðslu á.

Verði bifreiðin fyrir tjóni, meðan á leigu stendur, greiðist samt full leiga, þar til samningur er útrunninn. Að þeim tíma liðnum, greiðast kr. 150.00 á dag, sé tjónið af völdum leigutaka. Allt tjón ber að tilkynna lögreglu og eiganda, svo fljótt sem unnt er.

Eigandi er ekki ábyrgur gagnvart leigutaka fyrir því tjóni, sem hann kann að verða fyrir vegna tafa, útgjalda eða á annan hátt.

Sé bifreiðinni ekki skilað, áður en leigutíminn er útrunninn, greiðir leigutaki kr. 150.00 fyrir hvern tíma fram yfir, sé það ekki vegna sannanlegs tjóns eða bilunar“.

Með samningi 16. marz 1955 húftryggði (kasko) áfrýjandi nefnda bifreið. Í váttryggingarskírteininu segir m. a.: „Notkun bifreiðarinnar: Jeppabifreið til leigu án ökumanns. Váttryggingin nær til allra skemmda á hinni váttryggðu bifreið, sem verða af sama slysi, af eldsvoða, eldingu eða sprengingu, allt að kr. 30.000.00, og til skemmda á hinni váttryggðu bifreið af ökuslysi, er stafar af árekstri, áakstri, veltu eða hrapi af flutningsslysi og af því, að hinni váttryggðu bifreið er stolið eða rænt, allt að kr. 30.000.00.“

Í 6. gr. váttryggingarskilmálanna segir m. a.: „Félagið bætir skemmdir á bifreiðinni sjálfri af bruna, eldingu, sprengingu, árekstri, áakstri, veltu og hrapi eða, sem stafa af því, að allri bifreiðinni sé stolið eða rænt og af flutningsslysi“. Í 10. gr. sömu skilmála segir m. a.: „Undanskildar ábyrgð félagsins eru: . . . c) skemmdir, er verða . . . , þegar honum er stýrt af einhverjum þeim, sem ekki hefur löglegt ökuskírteini“.

Sama daginn sem Lárus Ágústsson tók bifreiðina á leigu, ók hann henni áleiðis vestur að Búðum á Snæfellsnesi. Voru þrjár stúlkur í bifreiðinni með honum. Gegnt bænum Varmalandi í Borgarfirði varð Arnkell Guðmundsson á vegi Lárusar og stúlnanna, og ber Lárus um þann fund þetta: „Við þekktum hann og buðum honum með okkur.“ Var nú ekið áfram, unz eftir voru 15—20 km að Grund í Kolbeinsstaðahreppi. Bauðst Arnkell þá til að hvíla Lárus að þeirra sögn. Er komið var heim undir nefndan bæ, fipaðist Arnkeli aksturinn, þá er nokkrir hestar hlupu inn á veginn, og lenti bifreiðin á benzintank, henni hvolfdi, og yfirbygging hennar brotnaði öll og brenglaðist m. m. Um aðdragandann að því, að Lárus Ágústsson fékk Arnkeli Guðmundssyni stjórn bifreiðarinnar, segir Lárus: „Ég innti Arnkel eftir því, hvort hann væri ekki vanur að aka, og sagði hann það vera. En ég man ekki, hvort ég spurði hann, hvort hann hefði öku-

réttindi, held frekar, að um það hafi ekki verið rætt.“ Arnkell hafði eigi ökuréttindi.

Samkvæmt 6. gr. tryggingarskilmálanna skyldi áfrýjandi bæta skemmdir, sem yrðu á bifreiðinni, þá er „allri bifreiðinni sé stolið eða rænt“. Leigutaki bifreiðarinnar og umráðandi, Lárus Ágústsson, fékk Arnkeli Guðmundssyni stjórn hennar og var sjálfur í henni áfram, meðan Arnkell Guðmundsson ók. Akstur Arnkels Guðmundssonar verður því eftir eðlilegri skýringu eigi talinn stuldur á „allri bifreiðinni“, og svo viðtæk túlkun á greindu ákvæði 6. gr. skilmálanna, að það tæki til nefnds aksturs, myndi þrengja óeðlilega og óleyfilega 10. gr. sömu skilmála, þar sem svo er mælt, að undanskildar skuli vera ábyrgð áfrýjanda skemmdir, sem verða, þá er bifreiðinni „er stýrt af einhverjum þeim, sem ekki hefur löglegt ökuskipteini“. Leigutakinn, Lárus Ágústsson, var samkvæmt leigusamningnum umráðandi bifreiðarinnar, og bar honum að annast hana á sína sérstöku áhættu, þá er slysið varð. Hann var því maður, sem samkvæmt 1. mgr. 51. gr. laga nr. 20/1954 var skylt að gæta þess, að varúð sú sé viðhöfð, sem „mælt er í váttryggingarsamningi fyrir um“. Lárus Ágústsson varð sekur um vanrækslu á varúðarskyldu sinni, er hann lét bifreiðina í hendur ökuréttindalausum manni, en hann hafði eigi gilda ástæðu til að ætla, að Arnkell Guðmundsson hefði ökuréttindi. Að þessu athuguðu og þar sem eigi eru leiddar sönnur að því, að slysið stafi eigi af vanhæfi Arnkels Guðmundssonar til aksturs, ber samkvæmt 1. mgr. 51. gr. laga nr. 20/1954 að taka kröfu áfrýjanda um sýknu í aðalsök í héraði til greina. Héraðsdóm í gagnsök í héraði ber að staðfesta.

Samkvæmt þessum úrslitum er rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í aðalsök í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Almennar tryggingar h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Bílamiðstöðvarinnar s/f, í aðalsök í héraði. Héraðsdómur í gagnsök í héraði staðfestist.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í aðalsök í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. september 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Bílamiðstöðin s/f, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 29. apríl 1957, gegn Almennum tryggingum h/f, hér í bæ, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 19.351.52, ásamt 6% ársvöxtum frá 12. júní 1955 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa eftir mati dómarans.

Með stefnu, útgefinni 3. september 1957, höfðaði stefndi gagnsök á hendur stefnanda til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 3.454.70, með 6% ársvöxtum frá 5. apríl 1957 til greiðsludags auk hæfilegs málskostnaðar að mati dómarans.

Í gagnsökinni hefur aðalstefnandi viðurkennt kröfur gagnstefnanda, en jafnframt krafizt þess, að málskostnaður í gagnsökinni verði felldur niður.

Aðalsök:

Málavextir eru þessir:

Á árinu 1955 leigði aðalstefnandi út bifreiðar án bifreiðarstjóra. Meðal bifreiða þessara var jeppabifreiðin R 6601, eign aðalstefnanda.

Hinn 16. marz 1955 kaskotryggði aðalstefnandi bifreiðina hjá gagnstefnanda fyrir kr. 30.000.00, og skyldi tryggingin gilda í eitt ár, en í tryggingarskírteininu var sérstaklega tekið fram, að bifreiðin væri tryggð „til leigu án ökumanns“.

Þann 11. júní 1955 leigði aðalstefnandi Lárusi nokkrum Ágústssyni áðurgreinda bifreið. Gerður var skriflegur samningur um leiguna. Í leigusamningnum skuldbatt Lárus sig meðal annars til þess að lána ekki öðrum bifreiðina. Samdægurs ók Lárus bifreiðinni áleiðis vestur að Búðum á Snæfellsnesi. Í bifreiðinni voru með honum þrjár stúlkur. Á móts við Varmaland í Borgarfirði bættist fjórði farþeginn, Arnkell Guðmundsson, í hópinn. Skammt frá bænum Grund í Kolbeinsstaðahreppi tók Arnkell við stjórn bifreiðarinnar, þar sem Lárus var orðinn þreyttur á að aka. Ók Arnkell bifreiðinni sem leið lá að Grund, en þar á hlaðinu hvolfdi bifreiðinni. Virtist slysið hafa orðið með þeim hætti, að nokkrir hestar hlupu skáhallt á móti bifreiðinni, er hún var rétt komin að Grund. Beygði Arnkell þá til hægri út af

veginum, en nálgæðist þá girðingu, sem var honum á hægri hönd. Snarbeygði hann þá til vinstri til að rekast ekki á girðinguna. Þá sá hann benzíntank framundan og lagði því enn meira á stýrið til vinstri. Tókst honum þó ekki að komast klakklaut fram hjá honum, svo að bifreiðin rakst á tankinn, og þar hvolfði henni. Við þetta skemmdist bifreiðin stórkostlega. Í skýrslu, er Arnkell gaf fyrir lögreglunni, viðurkenndi hann, að hann hefði ekki íslenzkt ökuskríteini. Hins vegar kvaðst hann hafa tekið ökuþróf á Keflavíkurlflugvelli hjá ameríska verktakanum Metcalf, Hamilton, Smith, Beck Companies. Kvaðst hann hafa ekið bifreiðum og vörulyftum hjá félagi þessu og því vera vanur ökumaður.

Aðalstefnandi lét flytja hina skemmdu bifreið til Reykjavíkur á vörubíl. Framkvæmdastjóri aðalstefnanda hefur skýrt svo frá, að tveir starfsmenn gagnstefnanda, þeir Ólafur Einarsson tjónskoðunarmaður og Egill Gestsson fulltrúi, hafi skoðað bifreiðina, er hún kom til Reykjavíkur. Hafi annar hvor þeirra samþykkt, að bifreiðin væri send á bifreiðaverkstæði Akraness til viðgerðar, án þess að talað hafi verið við hann um að meta skemmdirnar á bifreiðinni. Kvaðst framkvæmdastjórinn því hafa flutt bifreiðina til Akraness, og þar hafi verið byggt nýtt farþegahús á hana og gert við hana að öðru leyti. Kostnaðurinn við viðgerðina og bílkostnaðurinn við að flytja bifreiðina af slysstað til Reykjavíkur hafi numið samtals kr. 19.351.52. Telur aðalstefnandi, að samkvæmt áðurgreindum váttryggingarsamningi beri gagnstefnanda að greiða honum fjárhæð þessa. Bifreiðin hafi verið váttryggð „til leigu án ökumanns“. Af hálfu aðalstefnanda hafi ekki verið um neina vanrækslu að ræða, og sé greiðsluskylda gagnstefnanda því alveg ótvíræð.

Sýknukröfu sína byggir gagnstefnandi á því, að hann hafi með klásúlu í tryggingarskríteininu undanskilið sig ábyrgð á tjóni, sem réttindalaus ökumaður veldur. Í málinu sé það upplýst, að ökumaðurinn Arnkell Guðmundsson hafi ekki haft löglegt ökuskríteini. Sé bótaskylda hans (gagnstefnanda) því ekki fyrir hendi. Það skipti engu máli, hvort aðalstefnanda var eða gat verið kunnugt um það, að réttindalaus maður ók bifreiðinni, því að hvorki hér á landi eða annars staðar hefði komið til greina að kaskótryggja bifreið með ökuréttindalausann mann við stýrið. Aðalstefnandi hafi sjálfur tekið á sig áhættu við það að leigja bifreiðina án ökumanns. Leigutakinn hafi greinilega brotið af sér gagnvart aðalstefnanda, og beri aðalstefnanda að snúa kröfum sínum gegn honum eða ökumanninum. Gagnstefnanda beri engin

skylda til að bæta aðalstefnanda tjón það, sem hann varð fyrir í umrætt sinn. Í þessu sambandi hefur gagnstefnandi vísað til dóms Hæstaréttar, upp kveðins 8. desember 1949, í málinu nr. 36/1948.

Til ýtrustu vara hefur gagnstefnandi mótmælt kröfum aðalstefnanda sem of háum.

Í hinum prentaða texta tryggnigarskírteinisins, sem hér liggur til grundvallar, segir:

„Vátryggingin nær til allra skemmda á hinn váttryggðu bifreið, sem verða af . . . ökuslysi, er stafar af árekstri, áakstri, veltu eða hrapi, af flutningsslysi og af því, að hinn váttryggðu bifreið er stolið eða rænt . . .“

Á annarri síðu skírteinisins eru prentuð ýmis váttryggingarskilyrði tryggingafélagsins. Í 10. gr. segir:

„Undanskildar ábyrgð félagsins eru:

...

c) skemmdir, er verða, meðan vagninn er í láni eða leigður án bifreiðastjóra, eða þegar honum er stýrt af einhverjum þeim, sem ekki hefur löglegt ökuskríteini“.

...

Á forsíðu skírteinisins er, eins og áður greinir, tekið fram um notkun bifreiðarinnar: „Jeepbifreið til leigu án ökumanns“. Er texti þessi vélritaður, án þess að nokkrar yfirstrikanir hafi verið gerðar á texta c-liðar 10. gr. váttryggingarskilyrðanna, sem frá var greint. Ljóst er, að með hinum vélritaða texta um notkun bifreiðarinnar falla tvö fyrstu skilyrði c-liðar 10. gr. niður, enda er því ekki andmælt af hálfu gagnstefnanda. Gagnstefnandi telur hins vegar, að síðasta skilyrði c-liðarins hafi að sjálfsögðu átt að gilda áfram, þrátt fyrir það að skilyrði fyrri hluta c-liðarins féllu niður.

Þess er áður getið, að leigutakinn skuldbatt sig við undirskrift leigusamningsins að lána ekki bifreiðina öðrum. Þegar hann afhenti Arnkeli stjórn bifreiðarinnar, gerði hann það í algeru heimildarleysi. Aðalstefnandi á því enga sök á því, að varúðarregla sú, sem fram kemur síðast í c-lið 10. gr. hinna almennu váttryggingarskilyrða, var ekki haldin, en gagnvart aðalstefnanda gengur hin óheimila afhending á stjórn bifreiðarinnar í hliðstæða átt við það, þegar bifreiðinni er stolið eða rænt. Af þessu leiðir, að gagnstefnandi getur ekki, eins og á stendur, borið fyrir sig til sýknu umrætt ákvæði c-liðar 10. gr., og ber honum því að bæta aðal-

stefnanda tjón það, sem varð á bifreiðinni við umrætt ökuslys og váttryggingarsamningurinn nær til.

Framkvæmdastjóri aðalstefnanda hefur fyrir dómi lýst skemmdum á bifreiðinni í höfuðdráttum þannig: Brotin lukt, ónýtur vatnskassi, vatnskassahlíf beygluð, vélarhlíf ónýtt, framaurbretti beyglað, hvalbakur beyglaður, farþegahúsið ónýtt, framrúða með öllu tilheyrandi ónýtt, skúffan beygluð, tvær felgur beyglaðar, brotin fjöður, bognar stýrisstengur, bremsurör í sundur, brotinn rafgeymir og annað framdekkið höggvið í sundur. Áðurgreindur tjónskoðunarmaður gagnstefnanda hefur komið fyrir dóm. Kvaðst hann ekki geta véfengt þessa skýrslu framkvæmdastjóra aðalstefnanda. Einnig hefur komið fyrir dóminn sem vitni Friðþjófur Helgason, verkstjóri í Bifreiðaverkstæði Akraness h/f, en vitni þetta hafði yfirumsjón með endurbótum á bifreiðinni. Hefur vitnið lýst skemmdum bifreiðarinnar að nokkru og meðal annars á það bent, að grindin hafi skekkzt, svo að nauðsynlegt hafi verið að taka af skúffuna, þ. e. þann hluta bifreiðarinnar, sem farþegahúsið er fest á. Vitni þetta gerði einnig grein fyrir framkvæmd viðgerðarinnar. Tæknideild rannsóknarlögreglunnar annaðist töku ljósmynda af bifreiðinni, þar sem hún lá oltin á slysstað. Liggja þrjár af ljósmyndum þessum frammi í málinu. Löngu áður en mál þetta var höfðað, var bifreiðin seld eitthvað út á landsbyggðina. Hefur reynzt ókleyft að hafa upp á henni. Dómendur hafa því ekki getað framkvæmt skoðun á henni. Hins vegar telja hinir sérfróðu meðdómsmenn, að af gögnum málsins geti þeir gert sér grein fyrir skemmdum þeim, sem urðu á bifreiðinni, svo og viðgerðinni.

Á yfirlitsreikningi á dómskjali nr. 6 hefur aðalstefnandi sundurliðað hina umstefndu kröfu og lagt fram frumreikninga fyrir hverjum einstökum kröfulið.

Samkvæmt yfirlitsreikningi þessum sundurliðast kröfur stefnanda þannig:

| | | |
|----|---|--------------|
| 1. | Reikningur Vörubílastöðvarinnar Þróttar | kr. 1.071.00 |
| 2. | — Trésmiðjunnar h/f | — 6.280.64 |
| 3. | — Jóns A. Jónassonar | — 650.00 |
| 4. | — Bifreiðaverkstæðis Akraness | — 10.087.59 |
| 5. | — Jóhanns Finnssonar | — 1.262.29 |

Um 1.

Þessi kröfuliður er kostnaður við að færa hina skemmdu bif-

reið frá slyssað til Reykjavíkur. Af hálfu stefnda hefur hann ekki sætt sérstökum andmælum. Ber að taka hann til greina að fullu.

Um 2.

Liður þessi er yfir trésmíði, vinnu og efni, á grind og hurðum farþegahúss þess, sem smíðað var á bifreiðina. Þess er áður getið, að af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að farþegahúsið hafi ónýtt og er því út af fyrir sig ekki andmælt af stefnda. Það er einnig álit dómsins, að húsið hafi geryðilagzt í veltunni. Gagnstefnandi heldur því hins vegar fram, að smíði hússins hafi orðið miklum mun dýrari en þörf hafi verið á. Auk þess beri á það að líta, að húsið, sem smíðað var, sé miklu vandaðra en eldra húsið og nýtt hafi komið í stað hins gamla. Í því sambandi hefur hann bent á, að bifvélavirkji sá, sem hann fékk til að skoða bifreiðina, hafi áætlað kostnað við að byggja nýtt hús á hana miklum mun lægri. Aðalstefnandi hefur algerlega mótmælt álitsgerð bifvélavirkja þessa, en hún hefur verið lögð fram, sem rangri og þýðingarlausri og meðal annars á það bent, að honum hafi ekki verið gefinn kostur á að vera viðstaddur skoðun þessa. Það sé að vísu rétt hjá skoðunarmanninum, að húsið hafi ekki verið viðgerðarhæft, en hins vegar alveg ósannað, að hægt hafi verið að fá hús sambærilegt því, sem á bifreiðinni var, fyrir 6—7 þúsund krónur. Að þessu athuguðu og þar sem umrædd skoðun nær aðeins til nokkurs hluta hinnar nauðsynlegu viðgerðar á skemmdum bifreiðarinnar vegna slyssins, þykir ekki unnt að leggja álitsgerð þessa til grundvallar.

Aðalstefnandi hefur haldið því fram, að hús það, sem á bifreiðinni var, hafi verið í góðu lagi, enda hafi það verið nýsprautað. Hinir sérfróðu meðdómsmenn, sem þekkja þá gerð af húsum, er á bifreiðinni var, lýsa því svo, að það hafi verið smíðað í Bandaríkjum Norður-Ameríku úr alumínium án þess að vera klætt að innan. Styrkleiki þess hafi verið mun minni en húsa þeirra, sem almennt voru smíðuð hér á landi á jeppabifreiðar. Styrktarstoðir hafi verið mjög veikar, og hafi slík hús því farið mjög illa í veltu. Grindin, sem smíðuð var í staðinn, hafi verið vandaðri að allri gerð. Með hliðsjón af þessu svo og öðru því, er máli skiptir, þar á meðal að nýtt kemur í stað gamals, þykir bera að taka lið þenna til greina með kr. 4.280.64.

Um 3.

Kröfuliður þessi er andvirði vélarhlífar. Hefur gagnstefnandi mótmælt því, að honum beri bæði að greiða nýja vélarhlíf undir þessum lið og viðgerð á vélarhlíf undir næsta kröfulið.

Telja verður nægjanlega í ljós leitt, að vélarhlíf bifreiðarinnar hafi skemmt svo í veltunni, að ekki hafi borgað sig að gera við hana.

Rétt þykir því að taka lið þenna til greina, en þar sem aðalstefnandi hefur ekki getað gefið fullnægjandi skýringu á því, hvers vegna vinna er einnig reiknuð við viðgerð á vélarhlíf, þá verður tekið tillit til þess við næsta kröfulið.

Um 4.

Þessi kröfuliður er yfir vinnulaun og efni við að rétta bretti, hvalbak, vatnskassahlíf o. fl. Vinna við gúmmí, Vinna við að taka af skúffu, rétta grind, stuðara o. fl. Vinna við að klæða húsið járn, setja í rúður og upphalara. Setja á þakrennur og þakdúk o. fl. Undirbúa bifreiðina undir málningu og mála hana. Andvirði þurrku og vinna við að setja hana á. Efni þessu öllu tilheyrandi o. fl.

Gagnstefnandi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum og auk þess sumum liðunum sem málinu algerlega óviðkomandi. Sérstaklega hefur gagnstefnandi mótmælt vinnulaunum við gúmmí bifreiðarinnar, vinnulaunum við að rétta húdd, vinnulaunum og efni við að mála gólf, vinnulaunum við að rétta stuðara. Þá neitar hann því, að honum sé skylt að greiða öryggisgler fullu verði, þar sem ósannað sé, að öryggisgler hafi verið í gamla húsinu. Einnig sé það útilokað, að honum beri skylda til að greiða andvirði rúðupphalara, rúðuvindur eða þurrku. Auk þess hefur gagnstefnandi talið, að honum sé ekki skylt að greiða ýmislegt smávegis, svo sem rofa, leiðsluþræði, leiðsulskó, húddkrækjur, benzín og fleira.

Eins og áður hefur verið rakið, hefur aðalstefnandi ekki gert næga grein fyrir kostnaði við réttingu á vélarhlíf, kr. 66.56. Verður sá kostnaður því ekki tekinn til greina. Þá er það ósannað, að öryggisgler hafi verið í húsinu, sem skemmdist. Þykir því ekki unnt að taka til greina að fullu andvirði rúðanna, kr. 1269.00. Andvirði upphalara og vindu, kr. 241.00, verður heldur ekki tekið til greina, þar sem slíkur útbúnaður var ekki á eldra húsinu. Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, þykir

sennilegt, að þurrkan hafi skemmt. Þykir sá liður því eiga við rök að styðjast. Að því er hina liðina snertir, þá verður að telja, að nauðsynlegt hafi verið að endurnýja þá. Hins vegar er á það að líta, að klæðning á húsinu verður að teljast vandaðri en á hinu fyrra svo og frágangur allur. Með skírskotun til þessa og með hliðsjón af öðru því, er máli skiptir, þykir bera að taka kröfulið þenna til greina með kr. 7.429.03.

Um 5.

Hér er um að ræða vinnulaun við bremsur og geymisstæði, andvirði bremsuborða, bremsugúmmis, hlífðargúmmis, afturljóss og fleira. Auk þess olíukostnaður.

Gagnstefnandi hefur mótmælt lið þessum ýmist sem allt of háum og auk þess að ýmsu leyti málinu óviðkomandi.

Telja verður, að aðalstefnandi hafi ekki rökstutt nægjanlega vinnulaun við bremsur og efni til þeirra hluta. Verður sá hluti reikningsins, kr. 271.98, því ekki tekinn til greina. Þá er ósannað, að frostlögur hafi verið á vatnskassanum. Sá liður kr. 25.50, verður því ekki heldur tekinn til greina. Að öðru leyti þykir kröfuliður þessi nægjanlega rökstuddur. Verður hann því tekinn til greina með kr. 921.52 ($1.262 \div 340.77$).

Úrslit málsins í aðalsök verða þá þau, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 14.352.19 ($1.071.00 + 4.280.64 + 650.00 + 7.429.03 + 921.52$) auk 6% ársvaxta, er rétt þykir að reikna frá 1. desember 1955 til greiðsludags.

Þá ber gagnstefnanda að greiða aðalstefnanda málskostnað í aðalsökinni. Eftir atvikum þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 2.400.00.

Gagnsök.

Gagnstefnandi kveður kröfu sína í gagnsök á hendur aðalstefnanda vera vangreidd tryggingariðgjöld af bifreiðum, er aðalstefnandi hefði tryggt hjá gagnstefnanda.

Með því að krafa þessi hefur verið viðurkennd af hálfu aðalstefnanda, verður hún tekin til greina að fullu ásamt vöxtum.

Rétt þykir, að aðalstefnandi greiði gagnstefnanda málskostnað í gagnsökinni, er ákveðst kr. 1.400.00.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Sigurgesti Guðjónssyni bifvélavirkja og Gunnari Björnssyni bílasmið.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði gagnstefnandi, Almennar tryggingar h/f, aðalstefnanda, Bílamiðstöðinni s/f, kr. 14.352.19 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. desember 1955 til greiðsludags og kr. 2.400.00 í málskostnað.

Í gagnsök greiði aðalstefnandi gagnstefnanda kr. 3.454.70 með 6% ársvöxtum frá 5. apríl 1957 til greiðsludags og kr. 1.400.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 21. marz 1961.

Nr. 191/1960. **Ákærvaldið** (Jón N. Sigurðsson hrl.)

gegn

Ísak Randver Valdimarssyni

(Jón Bjarnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Ákæra um manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa lögregluþjónarnir Evald Christensen og Lindberg Norðfjörð Þorsteinsson staðfest skýrslur sínar með eiði.

Af ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann.

Allan kostnað af áfrýjun málsins ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur kostnaður af áfrýjun málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verj-